

# Virðisaukaskattur - breytingar á lögum og reglugerðum

## Breytingar á virðisaukaskattslögum

Með lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Meðal helstu breytinga eru:

### Nýtt skattþrep

Eftirtalin vara og þjónusta sem var ekki áður virðisaukaskattsskyld eða var í núllskatti mun bera 14% virðisaukaskatt:

- Fólksflutningar, nema leiguakstur fólksbifreiða sbr. lög nr. 77/1989.
- Útleiga hótél og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.
- Milliganga um ferðaþjónustu.
- Afnotagjöld útværpsstöðva.
- Sala bóka á íslenskri tungu.
- Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
- Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

Töluliðir 1 - 3 hér að framan taka gildi 1. janúar 1994. Töluliðir 4 - 6 taka aftur á móti gildi 1. júlí 1993 og 7. tölul. tók gildi 1. janúar 1993.

### Blandaðir reikningar

Samkvæmt breytingu á 20. gr. vsk.laganna er heimilt að gefa út einn reikning vegna viðskipta þótt salan sé undanþegin skatti að hluta eða mismunandi skatthlutfall á sölunni.

## Ný reglugerð um bókhald og tekjuskráningu

Reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila kemur í stað eldri reglugerðar um sama efni. Helstu breytingar frá eldri reglugerð eru:

### Sjóðvélar eða sölureikningar

Samkvæmt reglugerðinni mega þeir sem áður voru sjóðvélastyldir velja á milli sölureikninga og sjóðvéla varðandi tekjuskráningu.

### Úttekt eiganda o.fl. skrá sérstaklega

Skattaðili skal færa í sérstaka undirbók úttekt eigenda, framkvæmdarstjóra og annarra starfsmanna í stjórnunarstöðum á vöru og þjónustu sem hann framleiðir eða selur hvort sem afhent er án endurgjalds, gegn staðgreiðslu eða gegn greiðslufresti.

### Aðgreining í bókhaldi

Í reglugerðinni eru settar nákvæmari reglur um aðgreiningu tekna og gjalda. Aðgreina skal tekjur og gjöld eftir því hvort tekjur/gjöld eru án skatts eða með skatti. Jafnframt skal aðgreina tekjur og gjöld eftir skatthlutföllum.

## Aðrar nýjar reglugerðir

Eftirfarandi reglugerðir voru settar í kjölfar breytinga á lögum um virðisaukaskatt með lögum nr. 111/1992:

- |          |  |
|----------|--|
| 481/1992 | Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 81/1991, um innskatt.  |
| 484/1992 | Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns. |
| 487/1992 | Reglugerð um frjálsa skráningu vegna útleigu hótél- og gistiherbergja.   |
| 493/1992 | Reglugerð um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.   |
| 71/1993  | Reglugerð um undanþágu virðisaukaskatts vegna innflutnings á prentuðu máli.  |